

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd

*Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is*

Reykjavík, 7. október 2025

**Umsögn Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu um frumvarp til laga um breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2026, 2. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 18. september sl., var Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) sent til umsagnar 2. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2025.

Í VII. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999. Sérstaklega er vert að nefna að í f. lið 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýrri sérstakri gjaldtöku við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Um er að ræða lögbundið eftirlitshlutverk sem kveðið er á um í ýmsum lögum um eftirlitsskylda aðila. Ekki er því um nýtt eftirlitshlutverk að ræða. Sé vilji til þess að innheimta fast umframgjald vegna þessa eftirlits er eðlilegt að eftirlitsgjald, skv. 5. gr. laga nr. 99/1999, lækki á móti. Enga slíka lækkun er að finna í frumvarpinu.

Eftirlitsgjald hefur hækkað frá ári til árs, þrátt fyrir hagræðingar og sameiningar í bankakerfinu. Ítrekaðar eru ábendingar þess efnis að við sameiningu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka ætti einnig að hafa náðst fram hagræðing í rekstri með samþættingu þessara stofnana. Það verður því að telja að það séu forsendur til að skoða lækkun eftirlitsgjalds.

SFF áskilja sér rétt til að koma fram frekari athugasemdum á síðari stigum. Samtökin eru reiðubúin að gera frekari grein fyrir umsögn sinni verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
F.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu



---

Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur